

## FUNDARGERÐ

350. fundur stjórnar HEF veitna ehf., haldinn á Hótel Héraði, þriðjudaginn 11. mars 2025 kl. 14:00.

### Mætt eru í upphafi fundar:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Eyþór Stefánsson (ES), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Vilhjálmur Jónsson (VJ), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Gestir á fundinum: Magnús Jónsson, endurskoðandi KPMG (#1)  
Védís Vaka Vignisdóttir, verkefnastjóri HEF (#1-4)

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

### Dagskrá:

1. Ársreikningur 2024
2. Stefna og gildi
3. Fjarvarmaveita Seyðisfjarðar
4. Aðalfundur – dagskrá, eigandastefna og samþykktir
5. Fjárhagur
6. Götulýsing í Múlþingi
7. Iðavellir - Vatnsveita
8. Aðal- og ársfundur Samorku
9. Verkefni í gangi
  - a. Melshorn
  - b. Jarðhitaleit á Djúpavogi
  - c. Kalt vatn til Eiða og tengd mál
  - d. Vatnstankur á Borgarfirði
10. Önnur mál
  - a. Engin

### **1. Ársreikningur 2024**

Áður á dagskrá fundar #349. Magnús Jónsson, endurskoðandi lagði fram uppfærðan ársreikning félagsins 2024 til yfirferðar.

Magnús fór yfir drög að ársreikningi og svaraði spurningum, stjórn þakkar honum fyrir yfirferðina. Magnús fór yfir þær minniháttar breytingar sem gerðar hafa verið á reikningum frá því drög voru lögð fram á síðasta fundi, (#349).

Umræður um stöðu Gagnaveitu og mikla skuldbindingar hennar. Magnús bendir á að tekjur munu að óbreyttu ekki duga til að greiða upp fjárfestingu gagnaveitunnar og mikilvægt að stjórn vinni með málið í áætlanagerð.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa 2025 vegna rekstrarársins 2024, en vísar að öðru leyti til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningi. Fyrir liggur að verulega kostnaðarsamar framkvæmdir til viðhalds og uppbyggingar innviða

veitnanna munu koma til á næstu misserum og árum, meðal annars til að uppfylla auknar umhverfiskröfur og vinna að orkuskiptum.

Tillagan borin upp og samþykkt. Ársreikningur félagsins fyrir 2024 borinn upp og samþykktur samhljóða og er vísað til aðalfundar félagsins.

*Fjárhæðir í þús. kr.*

Helstu tölur úr ársreikningi	2024	2023	2022	2021	2020
Rekstrartekjur	841.486	759.690	674.031	641.211	489.682
Rekstrargjöld	374.188	286.571	237.145	233.602	187.233
Rekstrarhagnaður (-tap) (EBITA)	467.299	473.119	436.886	407.609	302.449
Afskriftir	136.015	117.307	111.392	106.844	102.090
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	331.284	355.812	325.493	300.765	200.359
Hrein fjármagnsútgjöld	59.600	54.354	55.572	26.214	67.675
Hagnaður fyrir tekjuskatt	271.684	301.459	269.921	274.551	132.684
Hagnaður ársins	253.753	284.119	252.423	250.939	121.306
Eigið fé	2.259.669	2.005.917	1.721.798	1.469.374	1.069.348
Eigið fé og skuldir samtals	3.299.687	3.142.181	2.796.022	2.630.557	2.421.951
Langtímaskuldir	827.200	834.320	836.254	916.245	1.151.373
Eiginfjárhlutfall	68,5%	63,8%	61,6%	55,9%	44,2%

## 2. Stefna og gildi

Hraður vöxtur HEF veitna og breytt þjónustusvæði hafa kallað á skýrari stefnumótun og markvissa framtíðarsýn. Til að bregðast við þessari þróun var haldinn stefnumótunarfundur þann 26. febrúar 2025. Þar komu saman fulltrúar úr stjórn félagsins og starfsmenn úr ólíkum starfseiningum til að móta nýja öryggis- og umhverfisstefnu, gildi og stefnu HEF veitna.

Á fundinum var farið yfir helstu áskoranir í rekstri, ytri og innri aðstæður metnar og markmið félagsins skýrð. Mikilvægt var að skapa sameiginlegan skilning meðal stjórnenda og starfsmanna, efla samstöðu um stefnu og tryggja að hún væri raunhæf og byggð á traustum grunni. Með þessari vinnu er lagður grunnur að markvissari rekstri og skýrari framtíðarsýn HEF veitna. Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi gildi og stefnu félagsins til 2030.

## 3. Fjarvarmaveita Seyðisfjarðar

Byggðaráð Múlaþings fól HEF veitum, á fundi sínum 18. febrúar s.l., að undirrita kaupsamning um yfirtöku fjarvarmaveitunnar á Seyðisfirði. Jafnframt var sveitarstjóra falið að undirrita samninginn fyrir hönd Múlaþings.

Undirritunin fór fram 21. febrúar s.l. í kyndistöð veitunnar að Garðarsvegi 13, þar sem fulltrúar HEF veitna, Múlaþings og RARIK komu saman. HEF veitur þakka RARIK fyrir farsæla samvinnu við gerð samningsins og lítur til framtíðar með eftirvæntingu varðandi þau nýju tækifæri sem fylgja rekstri veitunnar.

Sótt hefur verið um framkvæmdaheimild til jarðhitaleitar á Seyðisfirði, í hlíðinni austan við bæinn. Stefnt er að gerð borplans í vikunni og borun við fyrsta tækifæri, háð veðri og framvindu verkefnis á Djúpavogi. Múlaþing hefur veitt leyfi sem landeigandi, en framkvæmdaheimild er enn til afgreiðslu. Planað er að bora 100–200m holu, en framhaldið ræðst af niðurstöðum. ÍSOR gæti mögulega kortlagt holuna, þó að takmörkuð gögn verði tiltæk. Markmiðið er hitastigull yfir 100°C, en núverandi borholur á Seyðisfirði sýna 90–100°C. Ef stigull reynist lægri, minnka líkurnar á nýtingu, þó að velgja geti nýst í varmadælukerfi og sé því verðugt að skoða. Mikilvægast er að vatnsmagn verði nægt til hagkvæmrar nýtingar.

#### 4. Aðalfundur – dagskrá, eigandastefna og samþykktir

Tillaga að dagskrá aðalfundar 2025 liggur fyrir fundinum.

Tillaga að breytingum samþykta félagsins liggja fyrir fundinum. Stjórn vísar tillögunni til aðalfundar til afgreiðslu.

Eigandastefna félagsins liggur fyrir og hefur verið samþykkt í Sveitarstjórn Múlaþings, eiganda félagsins. Stefnan verður lögð fram til kynningar á aðalfundi félagsins.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að boða til aðalfundar 27. mars nk. kl. 17:00.

#### 5. Fjárhagur

Fyrir liggja rekstrartölur janúar og febrúar. Yfirferð frestað til næsta fundar.

#### 6. Götulýsing í Múlaþingi

Byggðaráð Múlaþings hefur beint erindi um yfirtöku veitunnar á rekstri götulýsingar í sveitarfélaginu til stjórnar HEF til umfjöllunar. Stjórn felur framkvæmdastjóra og formanni stjórnar að óska eftir fundi með viðeigandi aðilum.

#### 7. Iðavellir - Vatnsveita

Hola var boruð á álitlegum stað, nærri félagsheimilinu 7. október s.l. með það markmið að gera hana að nýju vatnsbóli fyrir svæðið. Stefnan var að skera í gegnum gang á 50-70 metrum og vonast til að þar lægi vatn. Berglög mikið til dökk og laus í sér, ekki ósennilegt að þetta séu súr berglög frá Þingmúlaeldstöðinni. Ekki þótti ástæða til þess að fara dýpra en 84 m vegna aðstæðna en holan gaf lítið sem ekkert og lausleiki jarðlaga þótti ekki bæta öryggi holunnar. Þessi tilraun var því án árangurs. Ein borhola skammt frá er í notkun, en gefur hún afar lítið og myndi vart duga fyrir það sem þarf á Iðavöllum. Því var það metið svo að önnur sambærileg borhola væri ekki líkleg til þess að skila tilsettum árangri.

Jarðfræðingur félagsins hefur lagt til að núverandi brunnur verði endurnýjaður. Framkvæmdastjóra falið að ræða við eigendur brunnsins um framkvæmdina.

#### 8. Aðal- og ársfundur Samorku

Framkvæmdastjóri vekur athygli á ársfundi Samorku, sem haldinn verður í Hörpu 19. mars nk.

#### 9. Verkefni í gangi

##### a. Melshorn

Útlits- og grunnteikningar af mannvirki fyrir hreinsistöð fráveitu á Melshorni liggja fyrir frá arkitekt. Hönnunarvinna er í fullum gangi. Stjórn leggur áherslu á að útboð verði auglýst sem allra fyrst, helst fyrir páska.

##### b. Jarðhitaleit á Djúpavogi

Verktaki hefur lokið við borun á tveimur rannsóknarholum á Djúpavogi, holum DPV-34 og DPV-35. Einnig var reynt við dýpkun DPV-25. Hitamæling í holu DPV-35 var gerð í dag og árangurinn því óljós enn sem komið er.

Hola 34 var boruð á milli hola 25 og 28 og henni ætlað að kanna tengingar á milli þeirra en hitinn í 25 um 44°C og í 28 um 47°C. Hitinn í 34 reyndist þó bara 37°C á milli þeirra og vakti það furðu. Því er ekki ljóst hvaðan 25 sækir sitt heita vatn. Hola 34 varð að endingu 204m hitastigull hennar kominn í um 100°C/km neðan til. Það er þó ekki slæmur stigull á þessu dýpi og kemur vel til greina að dýpka hana í næstu bortörn. Þrátt fyrir að hafa ekki staðfest tengingu á milli 25 og 28 og mistekist að ná 45°C+, er hún efnilegri en flestar holur á svæðinu.

Hola 35 var boruð fyrir austan 28 og var ætlað að skera þá æð sem talin er ráða í 28 en á meira dýpi. Það var með öðrum orðum verið að elta ríkjandi sprungustefnu á svæðinu og sem er staðfest í 28 úr mælingum ÍSOR. Ofan til var útlitið afar gott, og stefndi hitinn í yfir 50°C á 280m en það var ráðgert skurðdýpi. Þegar á hólminn var komið stóð holan ekki undir væntingum og virðist hitauppstreymið sem finnst í holu 28 ekki koma með þessari sprungu. Þó á eftir að mæla holuna og lesa í það svo erfitt er að fullyrða að svo stöddu. Holan varð 330m að endingu en nokkrar vatnsæðar voru skornar og munu hafa mikla þýðingu þegar ÍSOR kemur að mæla holurnar og það sama á við um 34.

Reynt var við að dýpka holu 25. Þegar holan var boruð á sínum tíma var borun sjálfhætt þegar æð var skorin á um 113m dýpi og er það enn í dag ein besta æðin okkar. Reynt var að dýpka holuna en það gekk illa. Nú létum við gera aðra tilraun til þessa en tilgangurinn er að fá tilfinningu fyrir þróuninni neðan við æðina, og að gera okkur kleift að mynda æðina betur með ÍSOR. Þessi tilraun gekk ekki betur en sú fyrri og aðeins náðist að dýpka hana um 2m með 25 bar loftpressu. Verktaki vinnur í að koma 35 bar loftpressu á svæðið, mögulega í næstu viku. Þá verður reynt aftur með auknum krafti.

Síðar í mánuðinum fáum við svo ÍSOR til okkar með mælingabíl til að mæla þessar nýju holur, ásamt 25, 29 og mögulega aðrar ef hentar, en þessar 4 eru í forgangi. ÍSOR mun mæla með hljóðsjá til að mynda sprungur, sem og hita, stefnu og hallamæla holurnar. Líkanið verður uppfært og ákvörðun um næstu borun tekin í framhaldinu.

**c. Kalt vatn til Eiða og tengd mál**

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu málsins.

**d. Vatnstankur á Borgarfirði**

Hönnun viðbyggingar er lokið og unnið að hönnun lagna í rýminu.

**10. Önnur mál**

**a. Engin**

Fundi slitið kl. 17:50.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá. Fundargerð ritaði Aðalsteinn Þórhallsson.

*Undirritanir eru á næstu blaðsíðu.*

# Undirritunarsíða

Samþykkt  
Aðalsteinn Þórhallsson

Samþykkt  
Ágústa Björnsdóttir

Samþykkt  
Helgi Hlynur Ásgrímsson

Samþykkt  
Ívar Karl Hafliðason

Samþykkt  
Vilhjálmur Jónsson

Samþykkt  
Eypór Stefánsson